

6. Umhverfismerki á vörur, m.a. um veitingu þeirra og gjaldtöku.
7. Eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu aðila sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang.
8. Úttekt á hugsanlegri mengunarhættu.
9. Meðferð vatns og sjávar í atvinnurekstri þar sem m.a. skulu fram koma viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna.
10. Úrgangsefni, svo sem eyðingu sorps og annars úrgangs.
11. Frárennsli og skolp þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk í frárennsli.
12. Varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn.
13. Varnir gegn loftmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir loftgæði.
14. Varnir gegn jarðvegsmengun og viðmiðunarmörk fyrir jarðveg.
15. Hávaða og titring þar sem fram koma viðmiðunarmörk fyrir leyfilegan hávaða og titring með hliðsjón af umhverfi.
16. Varmamengun þar sem fram skulu koma reglur um takmörkun slíks.
17. Önnur sambærileg atriði.
Enn fremur skal setja ákvæði um:
18. Undanþáguheimildir og hvaða takmörkun þær skuli háðar.
19. Valdsvið, skyldur og starfstilhögun heilbrigðisnefnda, heilbrigðisfulltrúa og Hollustuverndar ríkisins, svo og dagsektir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987,
með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 115. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Ráðherra er enn fremur heimilt að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á erlend þjónustuviðskipti að uppfylltum sömu skilyrðum og gilda um vöruviðskipti samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

- b. Í stað núverandi 3. og 4. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:
 Ákvarðanir ráðherra um þetta efni gilda frá og með þeim degi sem þær eru birtar í Stjórnartíðindum og skulu ekki gilda lengur en í fimm ár.
- c. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:
 Ráðherra getur skipað nefnd til að rannsaka kærur um innflutning vara á undirboðs-
 kjörum eða með styrkjum og gera tillögur til ráðherra um álagningu undirboðs- eða
 jöfnunartolla. Um störf nefndarinnar, réttindi og skyldur, skulu gilda ákvæði laga þess-
 ara eftir því sem við á.

2. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 118. gr. laganna orðast svo: Slíka bráðabirgðatolla má þó ekki leggja á til lengri tíma en 12 mánaða.

3. gr.

119. gr. laganna orðast svo:

Undirboðs- og jöfnunartolla skal ekki leggja á með afturvirkum hætti nema:

- a. Þegar vara hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og boðin fram á undirboðskjörum sem valdið hefur tjóni innan lands. Í slíkum tilvikum má leggja undirboðstolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á undirboðskjörum.
- b. Þegar vara, sem notið hefur útflutningsverðlauna, uppbóta, endurgreiðslna og þess háttar, hefur verið flutt inn í miklu magni á skömmum tíma og valdið tjóni sem erfitt er að bæta. Í slíkum tilvikum má leggja jöfnunartolla afturvirkt á innflutning sé það til þess fallið að koma í veg fyrir frekari innflutning á vörum sem njóta styrkja með þessum hætti.
- c. Þegar loforð um að hætta innflutningi, sem fellur undir 1.–3. mgr. 115. gr., hefur verið vanefnt.

Undirboðs- eða jöfnunartollar, sem lagðir eru á með afturvirkum hætti, geta náð til innflutnings sem fluttur hefur verið til landsins allt að 90 dögum áður en kæra barst fjármálaráðuneytinu um innflutning sem fellur undir 1.–3. mgr. 115. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1994.

Davíð Oddsson.

Valgerður Sverrisdóttir.
(L. S.)

Hrafn Bragason.

Friðrik Sophusson.